

1110. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 12. mars 2014 í Kringlunni 7 á 0. hæð, kl. 17:30

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Ásta Rut Jónasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri, og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritar fundargerð.

Gestir fundarins: Sólrún Ástvaldsdóttir VR, Elías G. Manússon VR, Pétur Hannesson Deloitte og Pálína Árnadóttir Deloitte.

Áður en að formleg fundardagskrá hófst óskaði Ólafía Björk eftir samþykki fundarins fyrir því að breyta röð áður auglýstra dagskrárliða þannig að víxlað yrði á liðum nr. 2 og 4. Samþykkt.

Þar næst afhenti hún stjórnarmanninum Ástu Rut afmælisgjöf frá félaginu, vegna 40 ára afmælis hennar, með góðum hamingjuóskum félagsins og tóku fundarmenn undir þær óskir hennar með lófataki.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1109. stjórnarfundar VR lögð fram til samþykktar

Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1109. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist. Samþykkt og undirrituð.

2. Ársuppgjör 2013

Stefán lagði fram skjalið „VR ársreikningur 2013“ og fór yfir innihald þess og studdist að auki við glærur þar sem dregin voru saman aðalatriðin.

Sagði hann fyrst frá breytingum sem gerðar hafa verið á framsetningu efnis í ársreikningnum en það er helst að tekjur vegna STARF og VIRK eru nú bókaðar með tekjum – aðrar tekjur - og auk þess eru komnar mun meiri sundurliðanir heldur en áður hefur verið.

Tekjur aukast um 275 milljónir kr. og 285 milljóna kr. auking á gjöldum. Hreinar tekjur til ráðstöfunar eru 486 milljónir kr. og er það minna en árið 2012 vegna minni ávöxtunar á sjóðum félagsins

Aukning er á iðgjöldum og aukin rekstrargjöld vegna fjölgunar félagsmanna og kostnaðar við Jafnlaunavottun VR. Aukning er og í útgreiðslu sjúkradagpeninga mest vegna aukninga í sjúkdómaflokka geðraskana og stoðkerfisvanda. 7% auking er í útgreiðslum úr VR varasjóði milli ára en það eru 3% á föstu verðlagi. Um 72% af útgreiðslum úr Varasjóði VR er vegna forvarna og heilsu.

Á eignasafni VR var 5,81% nafnávöxtun og 2,08% raunávöxtun. Lækkandi ávöxtunarkrafa á skuldabréfum auk lækkandi verðbólgu og styrkingu íslensku krónunnar hafa mest áhrif á lækkandi ávöxtun á milli ára. Félagið á 7,9 milljarða kr. í verðbréfum og verðbréfasjóðum.

Fór Stefán því næst lauslega yfir fjárfestingastefnu VR sem er varfærin stefna. Um 72,5% af eignasafni félagsins er í skuldabréfum, 18,2% í hlutabréfum og 9,2% í innlánnum. Eiginfjárhlutfall félagsins er 98,7% og er u 1 milljarður kr. í vinnudeilusjóði.

Þá fór Stefán yfir sundurliðanir og svo deildarskiptan reikning.

Tillaga er um 479,3 milljóna kr. framlag í VR varasjóð og aukaframlag 8,3 milljónir kr. vegna 2012. Skiptingin er 75% úr sjúkrasjóði og 25% úr orlofssjóði.

Þá tóku til máls gestir fundarins þau Pétur Hannesson og Pálína Árnadóttir frá Deloitte og lögðu fram sína endurskoðunarskýrslu *“Drög – VR Skýrsla vegna endurskoðunar ársins 2013”* dags. 13. mars 2014 og fóru þau yfir efni hennar. Þessi skýrsla er til þess að aðstoða stjórn VR við reikningsskil. Þökkuðu þau starfsfólki VR fyrir frábært samstarf.

Í máli þeirra kom m.a. fram að fjárhæðarmörk óleiðréttra skekkja sem finnast við endurskoðun og eru tilkynntar til stjórnenda eru 3,5 milljónir kr. en engar slíkar skekkjur eru óleiðréttar í lok endurskoðunar þeirra. Varðandi lykiláhættur komust þau að þeirri niðurstöðu að stjórnendur hafi meðhöndlað áhættuþætti með eðlilegum hætti og einnig að ekki eru gerðar athugasemdir við verðmat einstakra fjárfestingaeigna og að tekjuskráning félagsins er í lagi og í samræmi við settar reikningsskilareglur.

Kom og fram að mat stjórnenda VR á rekstrarhæfi félagsins og framsetning ársreiknings er viðeigandi að þeirra áliti. Gefur ársreikningur glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2013, efnahag þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013 og er í samræmi við lög um ársreikninga. Í áritun þeirra segir „Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2013, efnahag þess 31. Desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga.

Umræður.

Að lokum ræddi Stefán framkomnar ábendingar ofl.

Ólafía Björk þakkaði Stefáni og gestum fundarins fyrir þeirra vinnu og las að því loknu upp tillögu um framlag í varasjóð uppá kr. 479.365.474.- auk framlags uppá kr. 8.305.347 vegna ársins 2012 og bar svo upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

Bar Ólafía Björk þá upp Ársreikning 2013 til samþykktar. Samþykkt samhljóða og var ársreikningurinn að því búnu undirritaður af fundarmönnum.

Starfsmenn Deloitte og Sólrún Ástvaldsdóttir starfsmaður VR véku nú af fundi kl. 19:00

3. Trúnaðarmenn

Ólafía Björk bar upp eftirfarandi lista trúnaðarmanna til samþykktar:

Nafn	Fyrirtæki	Nýr/endurkjörin
Þorbjörg Halla Harðardóttir	Bílaumboðið Askja ehf	Nýr
Birgir Snær Valsson	Tandur hf	Endurnýjun
Þórir Helgason	Wurth á Íslandi	Endurnýjun
Lára Benediktsdóttir	Ásbjörg Ólafsson ehf	Endurnýjun
Sigurbjörg Linda Sigurðardóttir	Merking ehf	Endurnýjun
Stefanía Pálsdóttir	Bónus Egilsstöðum	Endurnýjun
Þóra Kristín Halldórsdóttir	DHL Express	Nýr
Hafsteinn Róbertsson	DK Hugbúnaður	Nýr

Samþykkt.

4. Staðan í kjaraviðræðum

Elías G. Magnússon sviðsstjóri kom nú til fundar og upplýsti um það að margt bendi til þess að félagið sé að fara í verkfall vegna kjaradeilunnar við Elkem. Hjá því fyrirtæki er einn kjarasamningur í gildi fyrir öll stéttarfélögin sem eiga þar starfsmenn en Verkalýðsfélag Akraness (VA) á um 90% félagsmanna en VR er með 10 félagsmenn á staðnum. Mikið hefur gengið á í samningaviðræðum og ákvað formaður VA um helgina að fara í atkvæðagreiðslu um verkfall og lýkur atkvæðagreiðslunni kl. 16:00 á morgun en verkfall, ef samþykkt verður, skellur á þann 25. mars n.k. Við höfum ekki tekið afstöðu til þessa máls sem komið er.

Elías metur það svo að það væri skynsamlegt af okkar hálfu að taka þátt í þessu því varla gengur upp að við stöndum til hliðar. Því miður hefur formaður VA ekki haft neitt samráð við okkur eða aðrar samninganefndir og er það miður.

Umræður.

Ólafía Björk bar þá upp tillögu um að við myndum fara í þessa atkvæðagreiðslu um verkfall hjá Elkem.

Samþykkt samhljóða.

Ólafía Björk upplýsti að VA ætlaði sér að greiða sínum félagsmönnum 80% tekjutengd laun kæmi til verkfalls og óskaði eftir umræðum um það hvort við ættum að gera slíkt hið sama.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ólafía Björk upp tillögu um það að VR myndi einnig greiða sínum félagsmönnum 80% tekjutengd laun komi til verkfalls en þó þannig að þetta væri ekki fordæmisgefandi vegna annarra mögulegra verkfalla í framtíðinni.

Samþykkt samhljóða.

5. Niðurstöður nefndar “Tilnefningar í stjórn LIVE”

Ragnar Þór lagði fram skjölin “Drög að reglum stjórnar VR um tilnefningu VR í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna” og „Greinargerð með reglum um skipan í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna“ og sagði frá störfum nefndarinnar. Sagði hann að á fundum nefndarinnar hefðu margar hugmyndir komið fram og verið ræddar. Fór hann þá næst yfir þessi drög sem hann sagði að samstaða hafi verið um í nefndinni og eru þau svohljóðandi:

1. gr.

Umsóknarferli og tilnefningar

VR auglýsir eftir umsóknum um sæti í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna fyrir 1. desember á síðasta ári kjörtímabils. Auglýsa skal á heimasíðu félagsins og helstu auglýsingamiðlum. Umsóknarfrestur skal vera þrjár vikur. Skrifstofa VR tekur við umsóknum fyrir hönd stjórnar VR. Kjör stjórnarmanna í Lífeyrissjóðinn þarf að liggja fyrir eigi síðar en 1. febrúar í aðdraganda nýs kjörtímabils.

2. gr.

Hæfniskröfur

Um hæfi fer samkvæmt 31. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Eins þurfa stjórnarmenn að vera fjárhagslega sjálfstæðir sbr. 9. gr. reglna FME nr. 180/2013. Stjórnarmenn þurfa að búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu skv. 6. gr. reglna FME nr. 180/2013. Auk þess þurfa stjórnarmenn að gangast undir munnlegt hæfismat hjá FME sbr. 16. gr. reglna FME nr. 180/2013.

Umsækjendur skulu vera launamenn og mega ekki vera sjálfstæðir atvinnurekendur eða einyrkjar. Gerð er krafa um að þeir greiði skyldubundið iðgjald til Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og er æskilegt að umsækjendur séu félagsmenn í VR.

3. gr.

Val á stjórnarmönnum

Samkvæmt gr. 5.1. í samþykktum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna skal stjórn VR skipa 4 stjórnarmenn og jafn marga varamenn. Samkvæmt gr. 5.2. í samþykktum lífeyrissjóðsins er kjörtímabil stjórnar 3 ár og hefst það 1. mars. Kynjaskipting innan stjórnar lífeyrissjóða skal vera þannig að hvort kyn skal eiga að lágmarki 40% fulltrúa í stjórn skv. 4. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Stjórn VR kýs tvo aðalmenn og trúnaðarráð VR kýs tvo aðalmenn og fjóra varamenn í stjórn lífeyrissjóðsins. Kynjahlutfall skal vera jafnt bæði hjá stjórn og trúnaðarráði. Kosning hjá stjórn og trúnaðarráði skal vera leynileg. Merkja skal við tvö nöfn á kjörseðli, konu og karl. Sú kona sem fær flest atkvæði hlýtur kosningu sem aðalmaður og sama á við um þann karl sem fær flest atkvæði. Karl eða kona sem eru næst því að komast inn sem aðalmaður skal vera fyrsti varamaður og síðan koll af kalli með varamenn en þó þannig að jafnræði sé á milli kynja.

Aðal- og varamenn eru skipaðir til þriggja ára. Ef stjórnarmenn segja sig frá stjórnarmennsku eða fara úr stjórn af öðru tilefni þá tekur fyrsti varamaður af sama kyni sæti sem aðalmaður og færast þá varamenn upp listann. Stjórn VR skipar nýjan varamann sem er þá fjórði varamaður.

4. gr.
Hámarkstími á stjórnarsetu.

Miða skal við að stjórnarseta fulltrúa VR í Lífeyrissjóði verzlunarmanna skuli ekki vera lengur en níu ár.

Umræður.

Ólafía Björk lagði til að fundur yrði framlengdur til kl. 21:00 og var það samþykkt.

Umræður héldu áfram.

Ólafía Björk bar þá loks þessa tillögu að reglum upp til samþykktar.

Samþykkt með 8 atkvæðum gegn 3.

4. **Aðalfundur 2014**

Ólafía Björk lagði fram skjalið “*Minnisblað – Tillögur fyrir aðalfund VR 2014*” dags. 12. mars 2014. Fór hún yfir skjalið lið fyrir lið og bar upp neðangreindar tillögur til samþykktar, hvern lið fyrir sig.

Tillögur fyrir aðalfund VR 2014

Fundarstjóri:

Guðmundur B. Ólafsson

Fundarritari:

Rósmarý Úlfarsdóttir

Tillaga um framlag í Varasjóð:

Tillaga um framlag í Varasjóð 479.365.474 kr. fyrir árið 2013 auk viðbótar framlags að upphæð 8.305.347.

Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu:

Tillaga að endurskoðunarskrifstofan Deloitte hf. sjái um endurskoðun félagsins fyrir reiknisárið 2014.

Kosning á skoðunarmönnum:

Tillaga um Hildi Mósesdóttur og Halldór Haldórsson sem skoðunarmenn VR. sbr. 27. gr. laga VR.

Tillaga um félagsgjald:

Tillaga um að félagsgjald verði óbreytt, 0,7% af launum og lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skuli þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum 18 ára afgreiðslufólks frá og með sama tíma.

Tillaga um stjórnarlaun:

Tillaga um að stjórnarlaun hækki um 2,8% frá fyrra ári og verði 41.120 kr. á mánuði og varamenn fá kr. 20.560 þúsund fyrir hvern setin fund. Tillaga um að fyrsti varamaður fái sömu stjórnarlaun eins og aðalmenn í stjórn VR.

Allt samþykkt.

Ólafía Björk ræddi næst um gullmerki félagsins sem veitt eru á aðalfundi. Leggur hún til að eftirtöldum félagsmönnum verð veitt gullmerki félagsins á komandi aðalfundi en bæði eru þau fyrrverandi stjórnarmenn og starfsmenn félagsins sem lagt hafi mikið af mörkum við starf okkar á undanförunum áratugum:

Jóhanna E. Vilhelmsdóttir
Reynir Jósepsson

Bar hún þá næst þessa tillögu sína upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

6. Tillögur kynntar frá LIVE “breytingar á samþykktum sjóðsins”

Ásta Rut lagði fram skjölin “*Tillögur stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna til breytinga á samþykktum sjóðsins sendar aðildarsamtökum til samþykktar*” dags. 14. febrúar 2014, “*Skýringar með tillögum til breytinga á samþykktum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna*” dags. 6. febrúar 2014, “*Samþykktir fyrir Lífeyrissjóð verzlunarmanna*” dags. 6. febrúar 2014 og “*Tillögur um breytingar á samþykktum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna með gildistöku frá og með árinu 2014*” dags. 5. febrúar 2014.

Sagði Ásta Rut frá því að með þessu væri verið að skýra reglur og ferla hjá sjóðnum. Sagði hún lauslega frá meðfylgjandi skjölum en þetta verði svo kynnt á aðalfundi og hér í stjórn VR með lögmanni sjóðsins.

Ólafía Björk hvatti fundarmenn til að kynna sér þessi framlögðu gögn og verður þetta svo rætt síðar.

Fundi slitið kl. 21:25
Árni Leósson, fundarritari